

Sp.

51. Tillaga til þingsályktunar

[51. mál]

um rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta framkvæma rannsókn á jafnrétti þegnanna í íslenzku þjóðfélagi. Sérstaklega skal rannsóknin beinast að því, hvernig háttáð er raunverulegu jafnrétti karla og kvenna að því er varðar menntun, störf, launakjör og hvers kyns þátttöku í félagslegum verkefnum. Jafnframt skal kannað, hverjar breytingar á gerð þjóðfélagsins gætu stuðlað að því að auka jafnrétti manna. Að rannsókn lokinni skulu niðurstöður hennar birtar.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur víða um lönd verið fjallað mikið um jafnrétti manna í þjóðfélaginu, og hefur athyglin ekki sízt beinzt að ólíkri aðstöðu karla og kvenna. Umræður þessar hafa m. a. leitt til þess, að framkvæmd hefur verið rannsókn á þessum málum í ýmsum grannlöndum okkar, og hefur komið í ljós, að mikið skortir á, að um raunverulegt jafnrétti sé að ræða, m. a. fari því fjarri, að konur hafi raunverulegt jafnrétti til menntunar á við karla, launatekjur þeirra séu að jafnaði mun lægri en launatekjur karla, ef þær vinna utan heimilis, og þátttaka þeirra í opinberu lífi allt of lítil.

Einnig hér á Íslandi hafa þessi mál verið rædd af vaxandi kappi að undanfögnu, og margt bendir til þess, að hér sé ástandið á ýmsan hátt enn lakara en í nágrennalöndum okkar. Hér skal minnt á nokkur dæmi:

Veturinn 1969—70 stunduðu nám í öllum menntaskólum landsins 2400 nemendur. Af þeim voru stúlkur aðeins 850 eða rétt rúmlega þriðjungur.

Í Háskóla Íslands voru árið 1969—70 skráðir 1400 stúdentar. Af þeim voru 325 konur eða 23%.

Af þeim, sem stunduðu nám við Háskóla Íslands í fyrra, fengu 716 lán úr lánasjóði námsmanna, samkvæmt þeim lágmarkskröfum, sem hann hefur sett. Af þeim voru 96 konur eða 13%.

Nýlega hafa tvær konur, Edda Svavarsdóttir og Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, gert í Bankablaðinu grein fyrir skipan karla og kvenna í launaflokka í öllum bönkum landsins. Þar reyndust vera 979 starfsmenn, 525 konur og 454 karlar. Í fimm kauplægstu flokkunum reyndust konur vera í yfirgnæfandi meiri hluta, en í efri flokkunum voru karlar í þeim mun stærri meiri hluta sem ofar dró, unz þeir voru einir í þeim efsta. Samt var meðalstarfsaldur kvenna í bönkunum hærri en meðalstarfsaldur karla.

Alkunnar eru þær staðreyndir, að á Alþingi Íslendinga situr aðeins ein kona og tiltölulega mjög fáar í sveitarstjórnunum, að ekki eru liðnar nema nokkrar vikur síðan kona var í fyrsta skipti skipuð ráðherra á Íslandi, að fyrsta konan var skipuð prófessor við Háskóla Íslands á síðasta ári, að engin kona gegnir sendiherrastarfi eða öðrum æðstu embættisstörfum í þjóðfélaginu.

Þessi atriði, sem hér hafa verið rakin, gefa vísbendingu um, að mikið skortir á um raunverulegt jafnrétti karla og kvenna í þjóðfélagi okkar. Hins vegar væri fróðlegt, að þetta viðfangsefni yrði kannað gaumgæfilega, m. a. væri þarflegt að fá heildarvitneskju um launakjör kvenna og hvernig þeim er skipað í flokka í því starfsmati, sem kaupsamningar bera með sér. Því er þessi tillaga flutt. Við framkvæmd hennar væri hægt að hafa gagn af hliðstæðum könnunum, sem framkvæmdar hafa verið annars staðar á Norðurlöndum, og raunar væri athyglisvert að fá nokkra vitneskju um það, hvar við erum á vegi staddir í samanburði við þau þjóðfélög, sem eru okkur skyldust.